


Grunnur – Verkefni 5 – Google leit

	Aðgerð	Skýring
Google leit		
a)	Opnaðu google.is leitarsíðuna. Leitaðu að orðunum hreindýr + höfn (til að leita að vefsíðum sem hafa bæði orðin)	Í des. 2021 voru u.þ.b. 125.000 niðurstöður
	Veldu fréttina um hreindýrin sem syntu inn í höfnina frá 12. Mar.2015. Prentaðu fréttina rafrænt sem 5-Hreindýr á sundi	(Vistaðu PDF skjalið á heimasvæðinu!)
Flýtleið (shortcut)		
b)	Búðu til flýtleið fyrir fréttina (á heimasvæðinu) og láttu hana heita 5-Hreindýr á sundi	Slóðin er efst í vafranum 
Skjáskot - Snipping Tool		
c)	Notaðu Snipping Tool til að taka mynd af fréttinni (texta og mynd). Vistaðu myndina sem 5-Hreindýr á sundi . Taktu eftir að þú getur notað flýtleið til þess að opna Snipping tool. Windows takkinn + shift + S	
Nákvæmari leit að tiltekinni tegund skráa		
d)	Leitaðu að hreindýr veiðileyfi filetype:pdf	Til að fá eingöngu PDF skjöl
	Opnaðu PDF skjalið Hreindýrin á Íslandi frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu Vistaðu það á heimasvæðinu þínu	(Hægrismelltu til að vista.)
Myndaleit með síum		
e)	Leitaðu að orðinu dog	(Á <i>google.is</i>)
	Smelltu á Myndir til að sjá myndir Ætlunin er að finna nýlegar klippimyndir (clipart) af appelsínugulum hundum	
	Smelltu á Verkfæri (Tools) Síaðu á Lit (appelsínugult), Tegund (klippimyndir) og á Tíma (Síðasta vika)	
	Google sýnir sýnishorn af myndunum Smelltu á eina myndina til að fá stærri mynd Vistaðu þessa mynd sem 5-Hundur	(Sýnishornin eru yfirleitt litlar myndir sem er fljótlegt að sækja en þola ekki stækkun.)
f)	Finndu mynd af grænum ketti og vistaðu sem 5-Grænn köttur . Leitaðu að honum eins og þú gerðir að hundinum.	(Mjög gagnlegt að kunna það!)
	Smelltu á Hreinsa til að fjarlægja síuna	

Þýðingar		
g)	Vertu á google.is, veldu Allt(hliðina á Myndir	
	Leitaðu að translate dog to icelandic	
	Smelltu á Opna í Google Translate	Við neðra vinstra hornið
	Smelltu á hátalaratáknið til að heyra framburðinn	
	Leitaðu að klausu: How are you? Very well	
	Breyttu úr íslensku í pólsku og smelltu á hátalarana fyrir bæði málin	
	Taktu mynd af þessari þýðingu (með Snipping Tool) og vistaðu sem 5-Þýðing	
	Aukaverkefni 1: Hvernig segir maður þetta á kínversku?	
	Aukaverkefni 2: Er hægt að gera þetta í síma og látið símann tala fyrir sig?	